### 2. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni eða samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins.

### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 6. gr. laga nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni svo og samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 29. janúar 1976.*

**Matthías Bjarnason.**

*Jón B. Jónasson.*

Nr. 26. 15. janúar 1976.

## AUGLÝSING

### um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968, og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogs, er hér með ákveðið, að stöðvunarskylda skuli vera á Urðarbraut gagnvart Borgarholtsbraut, sbr. 4. mgr. 48. gr. sömu laga, en Borgarholtsbraut var gerð aðalbraut með auglýsingu dags. 16. janúar 1974.

Ákvæði auglýsingar þessarar öðlast þegar gildi.

*Bæjarfógetinn í Kópavogi, 15. janúar 1976.*

e. u.
**Leó E. Löve.**

Nr. 27.

## REIKNINGUR

### Verðlaunasjóðs dr. phil. Ólafs Daníelssonar og Sigurðar Guðmundssonar arkitekts, 1. janúar til 31. desember 1973.

Eignir:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Hálft húsið Hagamelur 21, fasteignamat | | | kr. | 1 803 000.00 |
| 2. | Sparisjóðsinnstæða í Búnaðarbanka Íslands nr. 28028 og nr. 34320 pr. 31/12/1972 | kr. | 527 920.46 | | |
| 3. | Tekjur umfram gjöld 1973, lagðar í sparisjóðsbækur | — | 37 954.11 | | |
| | | | | — | 565 874.57 |
| | | | | Kr. | 2 368 874.57 |

**Skuldir:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. Skuldabréf hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, útg. 24/11 1952 (1. veðr.) LSR 2869 | | kr. | 49 412.90 |
| 2. Eignir umfram skuldir | | — | 2 319 461.67 |
| | | Kr. | 2 368 874.57 |

**Tekjur:**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. Húsaleiga: | | | | |
| a. stærri íbúðin | kr. | 78 000.00 | | |
| b. minni íbúðin | — | 52 500.00 | | |
| | | | kr. | 130 500.00 |
| 2. Vaxtatekjur | | | — | 51 821.70 |
| | | | Kr. | 182 321.70 |

**Gjöld:**

| | | |
|---|---|---|
| 1. Fasteignagjöld | kr. | 23 868.00 |
| 2. Vaxtagreiðslur | — | 4 678.59 |
| 3. Viðgerðir | — | 15 821.00 |
| 4. Verðlaun til dr. Guðmundar Pálmasonar | — | 100 000.00 |
| 5. Tekjur umfram gjöld | — | 37 954.11 |
| | Kr. | 182 321.70 |

*Menntamálaráðuneytið, 9. janúar 1974.*

**F. h. r.**

**Birgir Thorlacius.**

Reikningur þessi hefur verið endurskoðaður og reynst réttur.

Reykjavík, 13. jan. 1975.
f. h. Ríkisendurskoðunarinnar
Kristján Einarsson.

Nr. 28.

# REIKNINGUR

## Verðlaunasjóðs dr. phil. Ólafs Daníelssonar og Sigurðar Guðmundssonar arkitekts, 1. janúar til 31. desember 1974.

**Eignir:**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. Hálft húsið Hagamelur 21, fasteignamat | | | kr. | 1 803 000.00 |
| 2. Sparisjóðsinnstæða í Búnaðarbanka Ísl. nr. 28028 og nr. 34320 pr. 31/12/1973 | kr. | 565 874.57 | | |
| 3. Tekjur umfram gjöld, lagðar í sparisjóðsbækur | — | 150 354.35 | | |
| | | | — | 716 228.92 |
| | | | Kr. | 2 519 228.92 |